

VEIÐIMÁLASTOFNUNIN

Tumi Tómasson

ATHUGUN Á LAXÁ Í SKEFILSTADAHREPPI 1984.


EINTAK BÓKASAFNS.

Hólum í Hjaltadal
1985.

VMST-N/ 850

VEIÐIMÁLASTOFNUN
Bókasafn

Tumi Tómasson
apríl 1985.



Athugun á Laxá í Skefilstaðahreppi 1984.

Inngangur.

Dagana 30-31/7 1984 fór fram, að beiðni veiðifélagsins, athugun á seiðastofnum Laxár. Slík könnun var áður gerð í júlí 1983. Niðurstöður komu fram í skýrslu (Sigurður Guðjónsson 1983), þar sem einnig er að finna greinargóða lýsingu á ánni.

Rannsóknargögn og aðferðir.

Formaður veiðifélagsins Ólafur Sveinsson, var til leiðsagnar og aðstoðar báða daga athugunarinnar. Rafveitt var á átta stöðum í Laxá, einum stað á laxgenga hluta Grímsár og tveimur stöðum á ólaxgenga hluta Grímsár (Mynd 1). Allur aflí var lengdarmældur og sýni til aldursákvarðana tekinn af hluta hans.

Niðurstöður.

Á efsta staðnum, 500 m f. neðan Háafoss voru veiddir 1000 m² Einungis veiddist bleikja 11,5 - 13,2 sm 2+ og 15,1 sm 3+.

Við Fannlaugarstaði var veitt á 750 m². Alls veiddust 12 laxaseiði þrjú voru aldursgreind, og reyndust öll vera 2+ og af eldisuppruna, þ.e. úr sleppingu 1982. Seiðin voru mjög væn. Meðallengd þeirra var 9,0 sm (7,8 - 10,6) (Mynd 2) og sennilegast munu flest þeirra halda til sjávar í sumar. Einnig fengust tvö bleikjuseiði 14,4 sm 2+.

Á milli Mörár og Bakdalsár voru veiddir 800 m². Alls fengust 12 laxaseiði 7,9 - 12,3 sm á lengd. Minnsta seiðið var 3+, úr klaki 1980 og 11,8 sm seiði var 4+. Tvö seiði, 9,1 og 10,0 sm voru 2+, úr sleppingu 1982. Meðallengd veiddra seiða var 9,6 sm. Eitt bleikjuseiði veiddist, 11,6 sm 2+.

Veitt var við Illugastaði, 650 m². Alls fengust 39 laxaseiði og voru þrjú stærstu seiðin, 13,2 - 14,8 sm, komin í göngubúning. Annars skiptist aflinn í tvo stærðarhópa (Mynd 2). Stærri seiðin voru komin úr náttúrlegu klaki í ánni og voru flest 4+ og 5+, þ.e. klak 1979 og 1980. Tólf seiði voru í þessum hóp. Minni seiðin virtust flest vera úr sleppingu 1983, en einnig úr sleppingu 1982. Nú veiddust 50% fleiri seiði per flatareiningu en árið áður.

Á vaðinu fyrir neðan efstu brúna var veitt 900 m² svæði. Niðurstöður voru mjög svipaðar og við Illugastaði (Mynd 2). Sex seiði veiddust af stærri gerðinni, en 12 af þeirri smærri - sleppiseiði frá 1983 og 1982. Einnig fékkst eitt laxaseiði úr klaki 1983, og eitt bleikjuseiði.

Þegar kemur niður fyrir gilið rýrna uppeldisskilyrði árinna fyrir lax mjög. Botninn er fínn og skjóllftill. Á slíkum svæðum er oftast að finna yngri árganga laxaseiða og einnig bleikjuseiði. Fyrir ofan Skíðastaðabrúna voru veiddir 900 m². Alls fengust 12 laxaseiði, þrjú 1+, sjö 3+ og tvö 4+. Laxaseiðin fengust á þremur afmörkuðum stöðum í skjóli við grjót og torfuhnausa. Einnig fengust fimm bleikjuseiði 0+ og 1+, og eitt urriðaseiði.

Á um 1 km kafla fyrir neðan Hvamm eru uppeldisskilyrði fyrir lax aftur mjög góð. Þar er víðast grýtt, en grunnt niður á klöpp. Hrygningarskilyrði eru því rýr, og sennilegt að seiðin séu aðkomin og skýrir það að 1+ seiði sáust varla í aflanum. Alls veiddust 59 laxaseiði, eitt bleikjuseiði og eitt urriðaseiði á um 700 m². Þetta er um 50% lakari veiði en var á sama stað 1983. Lengdardreifing seiðanna er sýnd á Mynd 2.

Loks var veitt á móti Þorbjargarstöðum, í austurhvísl þar var meiri mól í botni, en grýtt í bland. Alls voru veiddir um 250 m², og fengust 31 laxaseiði, þar af þrjú 1+ (Mynd 2).

Í Grímsá var veitt á 210 m² svæði á laxgenga hlutanum fyrir ofan brúna. Alls fengust 10 laxaseiði 8,4 - 13,6 sm (meðallengd 10,6 sm) og voru flest 4+. Jafnframt veiddust fimm bleikjuseiði.

Á ólaxgenga hlutanum var veitt fyrir ofan gilið, á um 50 m kafla. Þar fengust 15 laxaseiði (Mynd 2) og níu bleikjuseiði. Einnig var rafveitt fyrir neðan ármót Álftárvatnslækjar, og aðeins upp í lækinn, alls um 70 m kafla. Þar fengust 19 laxaseiði og 20 bleikjur. Bleikjan fékkst aðallega í einum hyl. Fyrir ofan lækjar-mótin er Grímsá fín í botninn og lygn. Þar var einnig veitt, en einungis fékkst bleikja, enda skilyrði takmörkuð fyrir lax.

Laxaseiðin á ólaxgenga hluta, Grímsár úr sleppingu 1983, voru öll mjög væn og virtust dafna vel.

Umræða og ályktanir.

Við samanburð á niðurstöðum rafveiða 1983 og 1984 virðist sem u.þ.b. 50% af 1980 árganginum, og eldri seiðum hafi farið út sumarið 1984. Vegna betra árferðis og lélegrar nýliðunar (fá 1+ og 2+ seiði 1984), bendir allt til að stærri hluti 1981 árgangsins fari út sumarið 1985. Jafnframt fer einhver (sennilegast meirihluti)

hluti seiðasleppinga frá 1982 og 1983 út sumarið 1985. Þannig ætti svæðið að framleiða tiltölulega mikið af gönguseiðum í sumar, sem skila sér sem smálax 1986 og stórlax 1987.


Athugasemirnar 1984 staðfesta niðurstöður frá 1983, að lítið sem ekkert klak hafi komist upp 1982. Enn er ekki ljóst hversu sterkur 1983 árgangurinn er, en ef hann reynist veikur eins og fyrstu vísbendingar gefa til kynna, mun draga verulega úr gönguseiðaframleiðslu aftur 1986. Þó gætu seiðasleppingar 1984 bætt þar úr, hafi þær tekist vel.

Smáseiðasleppingar á Ólaxgeng svæði og vannýtt laxgeng svæði hafa farið mjög í vöxt hin síðari ár. Árangur slíkra sleppinga er mjög misjafn, en algengt er að 1-2% skili sér aftur í veiði. Rafveiðarnar og vöxtur sleppiseiða benda til að sleppingarnar 1982 og 1983 hafi heppnast vel. Ef veiðifélagið telur arðbært að halda áfram slíkum sleppingum kemur helst til greina að sleppa í Grímsá og frá Illugastöðum fram að Fannlaugarstöðum. Mikilvægt er að góðar skýrslur séu haldnar um sleppingarnar og að hreisturs sé safnað af veiddum löxum, þannig að meta megi árangur sleppinganna.


Á svæðinu frá Hvammi og fram að gilinu má bæta uppeldisskilyrði laxaseiða með því að bera grjótt í ána. Best er þá að dengja í hana grjóthrúgum við bakkana. Oft samrímist þetta ágætlega vörnum gegn landrofi.

Heimildir.

Sigurður Guðjónsson, 1983 Laxá í Skefilstaðahreppi.
Skýrsla Veiðimálastofnunar 7 bls.



Mynd 1. Rafveiðistaðir í Laxá 30-31 júlí 1984.



Mynd 2. Lengdar- og aldursdreifing veiddra laxaseiða í Laxá 30-31 júlí 1984.